

Samstarfsnefnd um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum.

7. fundur.

Sjöundi fundur nefndarinnar var haldinn á bæjarskrifstofu Njarövíkur, þriðjudaginn 23. marz og hófst klukkan 17⁰⁰.

Mættir voru; Gunnar Sveinsson, Sigurður Ólafsson, Guðrún Sigurðardóttir, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Ingólfur Halldórsson, Rögnvaldur Sæmundsson og Hreinn Ásgrímsson.

Formaður sagði fræðslustjóra hafa farið með samningsuppkastið frá 12. p.m. og lagt fyrir menntamálaráðuneytið (sjá fundargerð 6. fundar). Hefði það hlotið mjög jákvæðar undirtektir þar. Töldu fulltrúar ráðuneytisins næsta skrefið vera að ganga frá samkomulagi milli sveitarfélaganna innbyrðis varðandi kostnaðarskiptingu o.fl.

Var samþykkt á fundi nefndarinnar að leggja fyrir bæjar- og sveitarstjórnirnar eftirfarandi samningsuppkast til umsagnar.

Sveitarfélögin gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um þátttöku í stofnkostnaði og rekstri fjölbrautaskóla í Keflavík.

1. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaði skipta sveitarfélögin á milli sín ár hvert í hlutfalli við fólksfjölda þeirra l. des. árið áður, þar með talinn flutningskostnaður nemenda.

Fjölbrautaskólinn skal vera sérstök rekstrareining og hafa aðskilinn fjárhag frá sveitarfélögunum.

2. gr.

Fjölbrautaskólinn leigi nýbyggingu við Gagnfræðaskólann í Keflavík og yfirtaki skólahúsnæði Lónskóla Suðurnesja eftir nánara samkomulagi. Þátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði þessara bygginga verður 60% miðað við byggingartölu l. marz 1976, en sveitarfélögin greiði 40% miðað við sömu dagsetningu.

3. gr.

Sveitarfélögin og Menntamálaráðuneytið gera með sér sérstakan samning þar sem nánari ákvæði um stjórn skólans og skiptingu kostnaðar skv. 4.gr. laga nr. 14. 1973 komi fram, enda verði þar ekki um lakari kjör að ræða en í samningum Reykjavíkurborgar og Hafnarfjarðar um þeirra fjölbrautaskóla.

- 4. gr.

Eignaréttur sveitarfélaganna að skólahúsnæði og stofnbúnaði er í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

5. gr.

Samkomulag það er gert var við byggingu Iönskólans fellur niður við gerð þessa samnings.

Hluti sveitarfélaganna í rekstrarkostnaði er miðaður við fólksfjölda 1. des 1975:

Miðeshreppur	8,42%
Keflavík	58,07%
Njarðvík	14,02%
Vatnsleysustr. hr.	3,01%
Grindavík	13,00%
Gerðahreppur	5,36%
Hafnahreppur	1,12%
	100,00%

----- 0 -----

Nefndin mælist eindregið til þess, að samkomulag þetta ásamt samningi þeim, er sendur var með fundargerð 6. fundar, verði tekið til umræðu á næsta sveitarstjórnarfundum hvers byggðarlags. Einnig óskar nefndin eftir því, að nefndarmenn verði látnir vita hverjar undirtektir sveitarstjórnarmanna verða, því slíkt er nefndinni nauðsyn vegna framhaldsviðræða við menntamálaráðuneytið.

Næst ræddu menn húsnæðismálin og ventanlega húsnæðisþörf á næstu árum. Þótti mönnum einsýnt að húsnæði Iönskólans o hin nýja álma Gagnfræðaskóla Keflavíkur nægði aðeins fyrsta og e. t. v. annað starfsár skólans. Fannst mönnum þá helst koma til greina að byggja hæð ofan á iönskólabygginguna, enda upphaflega gert ráð fyrir slíku. Þessu máli var þó slegið á frest, enda eftir að kanna það mun betur.

Ákveðið var að þeir Rögnvaldur og Ingólfur kynntu sér nánar starfsemi Fjölbautaskólans í Breiðholti og reyndu að ná sambandi við skólastjóra hans og fræslustjóra Reykjavíkur, til að fá svör við ýmsum atriðum er rekstur og skipulag skólans varða.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið klukkan 19⁰⁰.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson.